

Skaftfell

MIÐSTÖÐ
MYNDLISTAR Á
AUSTURLANDI



2010

Sýningar: Árið 2010 var síðasta á Björns Roth sem listræns stjórnanda Skaftfells, sýningar voru með nokkuð hefðbundnum hætti en voru þó færri en árið áður í aðalsal. Auk nemendasýningar LHÍ og DRA báru þrjú stór sýningaverkefni uppi árið; sýning á verkum Geira, Ásgeirs Emilssonar, samsýning Birgis Andréssonar, Roman Signer og Tuma Magnússonar og svo aðventusýning Björns Roth en stjórn Skaftfells bauð honum að ljúka farsælum ferli sínum sem listrænn stjórnandi með sýningu á eigin verkum.

Sýningadagskrá á Vesturveggnum og í bókabúðinni samanstóð af verkum gestalistamanna, nemenda og tveggja boðs sýninga yfir há sumarið, 19 verkefni í allt.

Vesturveggur og Bókabúð 2010:

1. Rhubaba Collective - *Nothing New Under the Sun*
2. Asle Lauvland Pettersen - *Shout Out*
3. Rúnar Loftur Sveinsson
4. Kristín Helga Káradóttir - *Down Here*
5. Julia Wenz & Christian Eickhoff - *Triology*
6. Fraser Stables - *Glass House*
7. Nemendur Seyðisfjarðarskóla - *Stuttmyndir og stop-motion*
8. *Ljósmyndarinn Geiri*
9. Kristín Rúnarsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir - *Færi*
10. Baldur Geir Bragason og Þórunn Eva Hallsdóttir - *Harmonie*

11. Hrafnhildur Helgadóttir, Lilja Birgisdóttir, Loji Höskuldasson, Sigríður Tulinius og Sunna Schram - *Gegnum*
12. Jens Reichert - *Washed Ashore*
13. Geir Mosed - *Plucked*
14. Ute Kledt - *Pappies*
15. Lina Jaros – *Interior*
16. Daníel Björnsson – *Concave/Convex*
17. Strákar úr 9 – 10 bekk Seyðisfj.sk. – *Véltjórinn frá Aberdeen eða "You're a dead man Axel!"*
18. Ethan Hayes-Chut – *Nokkur dæmi um hreiðurgerð*
19. Magone Sarkovska, sýnir einnig í verslun Gleymméreiðar.

Í lok árs 2010 tók nýr listrænn stjórnandi við Skaftfelli, listamaðurinn Cristoph Büchel. Hann stýrir listrænu starfi til árs loka 2012.

Fræðslustarf: Að venju var haldið námskeið með Listaháskóla Íslands, Dieter Roth Akadémíunni og Tæknimínjasafninu í upphafi ársins þar sem 8 nemendur dvöldu við vinnu í tvær vikur á Seyðisfirði. Þetta mun hafa verið 10. námskeiðið og í lok árs 2010 hófst undirbúningsvinna á vegum LHÍ við að skrásetja þessa samvinnu, með það í huga að gefa út bók eða koma sögu þessara námskeiða á framfæri með einhverjum hætti.

Fræðsluverkefni skólaársins 2009 – 2010 fyrir grunnskólana á Austurlandi var verkefnið *Hugmyndavinna og endurvinnsla í myndlist og sköpun*. Verkefnið var unnið af listamönnunum Helga Erni Péturssyni og Hönnu Christel Sigurkarlsdóttur. Þau heimsóttu alla grunnskólana á Austurlandi utan tvo með námskeið sem tók yfir tvær 80 mínútna kennslustundir. Það voru nemendur úr efri bekkjum skólanna sem tóku þátt í námskeiðunum en þau byggðust á myndasýningu þar sem skoðuð voru verk úr endurunnum efnum, æfingum í hugmyndaflæði og að lokum unnu nemendurnir verk úr mjólkurförnum.

Skaftfell tók að sér myndmenntakennslu fyrir 7. – 10. bekk Seyðisfjarðarskóla haustið 2009 og hefur það samstarf gengið vel. Skaftfell hefur útvegað kennarana og einnig látið í té aðstöðu í gömlu bókabúðinni til kennslunnar. Þetta samstarf er eitthvað sem mætti vinna frekar og móta.

Á árinu 2010 hlaut Skaftfell styrk úr vaxtasamningi til að þróa námskeið byggt á LHÍ og DRA námskeiðinu. Dieter Roth Akadémían og Skaftfell munu því standa saman að samskonar námskeiði á haustönn fyrir erlendar akademíur, vonir standa til að fyrsta námskeiðið verði kennt haustið 2011.

Gestavinnustofur: Skaftfell hlaut tveggja ára styrk frá KKNord á árinu 2010, styrkurinn gerði Skaftfelli kleift að bjóða tveim listamönnum á árinu 2010 á fullum styrk til gestavinnustofudvalar. Við það tækifæri tók Skaftfell Járnhúsið í sína þjónustu og hefur því verið með gestavinnustofu á þrem stöðum frá september 2010; í Skaftfelli, á Hóli og í Járnhúsinu. Þegar auglýst var eftir umsóknum haustið 2010 var gerð sú breyting á fyrirkomulaginu að nú er einungis hægt að sækja um heila mánuði, frá einum og upp í sex, gjald fyrir dvölinu var einnig hækkað í 50.000 kr á hús. Þessi breyting hefur reynst vel og virðist nú trendið vera tveir til fjórir mánuðir. Það að gestavinnustofurnar séu þrjár hefur einnig reynst mjög vel hvað varðar samgang á milli listamannanna og aukna tilfinningu fyrir einhverskonar samfélagi, það hefur einnig létt félagslega byrði starfsamanna Skaftfells um allan helming. Nú þegar þetta er orðin hópur af listamönnum hefur einnig verið tekin upp sú nýluna að halda hálf

opinbert listamannaspjall á tveggja til þriggja mánaða fresti þar sem listamennirnir kynna verk sín og vinnuáferðir hver fyrir öðrum og áhugasömum gestum. Það mætti eflaust vinna enn meira með mótun starfsins með gestalistamönnunum og æskilegt væri að geta lagt meiri tíma og kostnað í að kynna þeim hvað er í boði á Austurlandi í formi aðstöðu og áhugaverðra staða.

Á árinu 2010 komu 33 listamenn í gestavinnustofudvöl, fyrir utan nemendahóp LHÍ.

Geirahús: Vorið 2010 var sett upp sýning á verkum Geira í Skaftfelli, við sama tækifæri gaf Skaftfell út litla bók um æfi hans og störf með stuttu æviágripi og fjölda mynda. Sýningin og útgáfa bókarinnar gerðu mikið til að vekja upp vitund fólks um hversu merkilegt húsið er og hversu mikilvægt það er að varðveita það. Á árinu hlaut Skaftfell einnig styrk til að vinna ástandskönnun og aðgerðaplan fyrir endurbætur á húsinu og var þeirri skýrslu skilað snemma árs 2011. Vonandi verður því núna auðveldara að vinna að fjármögnun á endurbótum og skráningu muna en mikið er til að áhugaverðu dóti í húsinu sem hefur ekki enn verið skoðað eða skráð. Það er mat forstöðumanns að ástæða sé til að athuga hvort ekki sé hægt að stofna sér safn utan um Geirahús eða hvort það sé jafnvel eðlilegra að Geirahús heyri undir Tæknimínjasafnið.

Rekstur / Pistill forstöðumanns: Árið 2010 var loka ár gildandi samnings um rekstrarfé frá kaupstað og ríki. Sama krónutala hafði þá komið inn í rekstrarstyrk á árunum 2008, 2009 og 2010. Verðgildi þeirrar upphæðar hefur rýrnað jafnt og þétt og því var reksturinn ansi þungur. Frá áramótum er svo einginn samningur og þegar þetta er ritað í apríl 2011 er enn ekki komin loka niðurstaða í framtíðar fjármögnun. Ef að ætti að reka Skaftfell með viðunandi hætti væru 16 milljónir, eða helmingi hærra framlag lágmarks upphæð. Það er ekki hægt að bjóða starfsmönnum uppá að starfshlutfallið taki stöðugum breytingum vegna fjárskorts og að laun séu í engu samræmi við ábyrgð og vinnuframlag. Húsið liggur undir skemmdum og enn er stuðst að miklu leyti við sjálfboðavinnu og eigið framlag listamanna.

Samstarf miðstöðvanna þriggja; myndlistar, tónlistar og sviðslista tók góðan kipp á árinu 2010 þegar forstöðumenn miðstöðvanna heimsóttu öll sveitarfélög á Austurlandi til að kynna sig og kynnast því hvað þar væri í gangi. Hinsvegar er alveg ljóst að til að Skaftfell geti fundið sig í samstarfi á jafningja grundvelli með hinum miðstöðvunum þá þarf þar að fara fram mikil mótunar vinna og faglegar undirstöður þeirra þurfa að styrkjast. Í lok árs myndi undirrituð því telja að tvær spurningar brenni á Skaftfelli, annarsvegar um framtíð samstarfs miðstöðvanna sem fagstofnann og hinsvegar um rekstrar möguleika stofnunarinnar, innan eða utan þessa samstarfs.

Að því sögðu má að endinu taka fram að faglega er Skaftfell komið á mjög ákjósanlegan stað. Tengslanet Skaftfells stykist stöðugt og möguleikar á enn þéttari starfsemi á faglegum grunni hafa aukist. Áhersla á þriðþætta starfsemi; sýningar, fræðslu og gestavinnustofur hefur skilað miklum árangri og möguleikar á vexti þessara þátta, einkum og sér í lagi gestavinnustofu og fræðsluvinnu eru miklir. Ef fjármögnun lukkast væri hægt að auka verulega við starfsmannafjöldann og leggja mun meiri þungavíkt í þessa þætti.

Seyðisfirðir, 19. apríl 2011
Þórunn Eymundardóttir, forstöðumaður Skaftfells